



Minnisblað

Umhverfis- og mannvirkjaráð

Efni: Hreinsunaráttak á Akureyri

Umhverfisáttak unnið í samstarfi umhverfis- og mannvirkjasviðs og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands í apríl og fram á sumar 2018

Umgengi hér í bæ er misjöfn og nauðsynlegt þykir orðið að gera bragarbót á, sér í lagi er á þetta við um iðnaðarhverfi bæjarins.

Ljóst er að einhver kostnaður kemur til með að falla á bæinn t.d. í þeim tilfellum sem eigandi að hlutum finnst ekki.

Aðgerðaráætlun

25. apríl: Auglýsing í N4 dagskrá, almenn áskorun til fyrirtækja og einstaklinga með að taka höndum saman við að hreinsa til eftir veturinn. Á næstu dögum verða límdir aðvörunarmiðar á þá hluti sem skylt er að fjarlægja.

Mái

Iðnaðarhverfin

Iðnaðarhverfin verða sérstaklega tekin fyrir, hér er átt við Nesjahverfi, iðnaðarhverfið í Síðuhverfi, Oddeyrin, Dalsbrautarreiturn, Óseyrin og við Glerá.

Tillaga okkar er að fyrirtækjum verði sent bréf þar sem farið verði fram á tiltekt og þau hvött til að fjarlægja það sem safnast hefur á lóðum.

Gámar verði á ákveðnum stöðum þar sem hægt er að henda járnarusli, plasti, timbri og almennu rusli.



Eftir ákveðin tíma verði gripið til aðgerða gerist þess þörf, límt á þá hluti sem skylt er að fjarlægja, viðkomandi eigendum verður veittur 7 daga frestur og að honum loknum munu hlutir verða fjarlægðir á kostnað eigenda. Eins og áður segir verður átakið unnið í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands og verðu unnið verður eftir þeim reglum og samþykktum sem eru í gildi

Heimili og hestúsahverfið

Árleg hreinsunarbúnaður verður á tímabilinu 11 – 22 maí. Hestúsahverfið verður hreinsað í samvinnu við hestamenn líkt og undanfarin ár, gámar fyrir rusl verða staðsettir í hestúsahverfum bæjarins. Vegna heimila, gróðurúrgangur mun ekki verða fjarlægður frá lóðarmörkum en gámar munum verða staðsettir á völdum stöðum í hverfum bæjarins áður nefnda daga.

Auglýst í dagskrá og fleiri stöðum 9. maí.

Kostnaðaráætlun

Erfitt er að áætla kostnað þar sem við vitum lítið um magnið og þess háttar. En kostnaður felst í vinnu umhverfissmiðstöðvar, vélavinnu, förgunarkostnaði, auglýsingarkostnaði og fleiru. Gróf áætlun gerir ráð fyrir kostnaði upp á krónur 7.000.000.

Viðauki

Ekki var gert ráð fyrir svo viðamiklu átaki í fjárhagsáætlun og því er óskað eftir viðauka að fjárhæð 7.000.000 í þetta átak.

Minnisblað unnið 25.4.2018 af

Gunnþóri Hákonarsyni, Jónasi Vigfússyni og Rut Jónsdóttir